

## Stjórnarfundur hjá Félagi skógareigenda á Suðurlandi haldinn 11.9. 2017

### Að Víðihvammi 10 Kópavogi kl. 9:30

Mættir: María E. Ingvadóttir, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Hannes Lentz frá kl. 10:30, Sigríður Hjartar, Sigurður Sigurkarlsson.  
Gengið var til dagskrár.

1. Aðalfundur LSE verður haldinn á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp dagana 13.-14.10. Mætingu félaga af Suðurlandi hefur stundum þótt heldur ábótavant og stjórnin vill skora á félagi FsS að fjölmenna nú á aðalfundinn. Til umræðu hefur komið að sameinast félögum af Vesturlandi í rútu. Þar sem kostnaður við langt ferðalag er ærinn og fjárhagur félagsins með betra móti hefur stjórnin ákveðið að greiða ferðakostnað með rútu, ef næg þátttaka fæst, og jafnframt greiða kostnað við gistingu niður um kr. 10.000.- Það er von stjórnar að þetta örvi þátttöku Sunnlendinga.
2. Tillögur fyrir aðalfund LSE. Mikilvægt er að vel sé vandað til þeirra tillagna sem lagðar eru fyrir aðalfund LSE og þeim tillögum, sem samþykktar verða, sé fylgt vel eftir, en á því hefur stundum orðið nokkur brestur á undanförunum árum.
3. Bjarnheiður gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins og greiðslum á styrknum sem Uppbyggingarsjóður Suðurlands veitir vegna vinnu við rannsókn á afurða- og markaðsmálum. Allt er það í eðlilegum farvegi.
4. Á síðasta aðalfundi félagsins var samþykkt nýtt árgjald kr. 10.000.- Sigríður ritari heldur utan um félagaskrá og mun senda gjaldkera lista með nöfnum þeirra félaga sem greiða árgjald, alls 203. Gjaldkeri kemur síðan listanum áfram til innheimtubankans, sem sendir tilkynningu á heimabanka félagsmanna.
5. Samþykkt var að sækja um 2 milljóna styrk til LSE vegna vinnu að afurða- og markaðsmálum.
6. Ýmis efni brenna á skógræktarfólki sem brýnt er að taka upp á félagsfundum, svo sem brunavarnir, tryggingamál, kolefnismál, markviss skógræktaráætlun og skaðvaldar í skógi. Stjórnin samþykkti að boða til félagsfundar um brunavarnir og tryggingamál hið fyrsta. Þegar þetta er skrifað hefur María formaður þegar sent út fundarboð, fundur í Gunnarsholti laugardaginn 23.9. Skorað er á félagsmenn að fjölmenna, hlusta á fyrirlesara og taka góðan þátt í umræðum um þessi mikilvægu mál.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir, fundi slitið um kl. 11:30.

Fundarritari Sigríður Hjartar